

Ár 2015, þriðjudaginn 30. júní 2015, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Sigurði Guðmundssyni, Halldóri Frímannssyni og Helga R. Magnússyni.

**Fyrir er tekið málið nr. 1/2015:**

Ungmennafélagið Fjölnir  
gegn  
HK/Víking

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**ÚRSKURÐUR:**

I.

**Kærandi:**

Ungmennafélag Fjölnir kt. 621388-7589  
Fossaleyni 1  
112 Reykjavík  
Fyrirsvarsmaður: Hermann Hreinsson

**Kærði:**

HK/Víkingur kt. 630981-0260 / kt.420787-1469  
Furugrund 83  
200 Kópavogur  
Fyrirsvarsmaður: Ragnar Gíslason

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 24. júní sl. Ákveðið var að gefa kærða frest til að skila greinargerð til 2. júlí. Kærði svaraði með óformlegum tölvupósti dags. 26. júní sl.

II.

**Kröfur:**

Kærandi krefst þess að úrslit leiks HK/Víking gegn Aftureldingu/Fjöni í 2. Flokki kvenna sem fram fór sunnudaginn 21. júní verð 0-3.

### III.

#### Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik HK/Víkings gegn Aftureldingu/Fjölni:

Sun 21/6 mættust í 2.fl kv HK/Víkingur og Fjölnir. Í liði HK/Víkings spilaði Rakel Lind Ragnarsdóttir fædd 1995 og telst þar með sem eldri leikmaður í 2.fl en 2.fl kv. er heimilt að nota 3 eldri leikmenn svo framar sem þær tóku ekki þátt í seinasta mfl leik félagsins. 13/06 síðastliðin spilaði mfl HK/Víkings við ÍA og er það seinasti mfl leikur Hk/Víkings fyrir þennan umrædda 2.fl leik og kom Rakel Lind Ragnarsdóttir við sögu í þessum mfl leik og ætti þar að leiðandi að teljast ólögleg í næsta 2.fl leik hjá félaginu.

Í tölvupósti fyrirvarsmanns kærða kemur fram:

Málið liggur nokkuð ljóst fyrir og ekki þörf á skriflegri greinargerð. Mistökin liggja einfaldlega hjá mér þar sem ég gerði ráð fyrir að viðkomandi leikmaður mætti spila þennan leik þar sem hún hafði ekki byrjað leikinn með mfl. kv. Mistökin mín eru hér með fúslega viðurkennd og var þjálfari 2. fl. kv. , Úlfur Blandon, í góðri trú um að viðkomandi leikmaður væri löglegur. Þar sem þetta er ný reglugerð var ég ekki búinn að kynna mér þetta nægilega vel. Hins vegar virðist heiðursmanninum sem stýrði Fjölnisliðinu ( og fékk rautt spjald í viðkomandi leik) hafa verið ljóst frá fyrstu mín að við værum að gera mistök, því þetta var það fyrsta sem hann talaði um eftir leikinn við þjálfara HK/Víkings. Það er að sjálfsögðu ekki í hans verkahring að segja til um það hverjir spili fyrir viðkomandi andstæðing, en þegar mönnum er ljóst að þjálfari er að gera viðlíka mistök þá finnst mér eðlilegt að menn bendi mönnum á mistökin og sýni þannig íþróttamannslega framkomu.

### IV.

#### Niðurstaða:

Í máli þessu er kært vegna leiks þar sem því er haldið fram að hið kærða félag HK/Víkingur hafi verið ólöglega skipað í leik liðsins gegn Aftureldingu/Fjölni þann 21. Júní 2015.

Eins og fram kemur í greinargerð hins kærða félags er fallist á það að umræddur leikmaður hefði ekki mátt taka þátt í leiknum með vísan til 7. greinar, Ákvæðis til bráðabirgða 2015 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Ljóst er að formsatriða greinar 7.2. í reglugerð KSÍ um Aga- og úrskurðarmál er ekki fyllilega gætt í máli þessu. Þannig er kærandi Fjölnir en samkvæmt mótaskrá KSÍ er félagið skráð sem Afturelding/Fjölnir, jafnframt er ekki skýrt til hvaða ákvæðis reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót er vísað, allt að einu verður máli þessu ekki vísað frá vegna þessa formgalla.

Með vísan til ofanritaðs er því fallist á dómkröfur kæranda, Aftureldingar/Fjölnis, í máli þessu og í samræmi við ákvæði í grein 40.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

er leikur HK/Víkings og Aftureldingar/Fjölnis sem fram fór á Íslandsmóti 2. Flokks kvenna b-riðill dæmdur tapaður HK/Víking með markatölunni 0-3.

Skylt er samkvæmt grein 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að dæma kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 5.000,- í sekt til KSÍ.

V.

### Úrskurðarorð:

Úrslitum í leik HK/Víkings gegn Aftureldingu/Fjölni í leik liðanna sem fram fór í Kórnum, þann 21. júní 2015 í Íslandsmóti 2. flokks kvenna b-riðils, er breytt og Aftureldingu/Fjölni dæmdur 0-3 sigur í leiknum.  
Kærði, HK/Víkingur, greiði kr. 5.000,- í sekt til KSÍ.


### Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Sigurður Guðmundsson



Halldór Frímansson



Helgi R. Magnússon

